

Ed.

250. Frumvarp til laga

um laun forseta Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Forseti Íslands hefur að launum 50000.00 kr. á ári og að auki verðlagsuppbót samkvæmt lögum.

Launin ásamt verðlagsuppbót greiðast á venjulegan hátt mánaðarlega fyrir fram.

2. gr.

Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

3. gr.

Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða úr ríkissjóði sérstaklega.

4. gr.

Þeir, er fara með forsetavald um stundarsakir, sbr. 8. gr. stjórnarskrárinnar, skulu samanlagt, meðan þeir gegna starfanum, njóta jafnra launa, miðað við mánaðarstarfstíma, og mánaðarlaun forsetans eru að viðbætti verðlagsuppbót. Skulu launin skiptast að jöfnu milli þeirra.

Auk þess skulu þeir fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfans.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Samkvæmt 9. gr. stjórnarskrárinnar skal ákveða með lögum greiðslur af ríkisé til forseta og þeirra, er fara með forsetavald.

Um 1. gr.

Stofnlaunin þykja hæfilega sett eins og í greininni segir, og sökum óvissu peningagildisins þykir rétt, að greidd skuli verðlagsuppbót á launin með sama hætti og til annarra embættismanna ríkisins.

Um 2. og 3. gr.

Ákvæði þessara greina eru hin sömu og nú gilda fyrir ríkisstjóra Íslands.

Um 4. gr.

Þóknun til þeirra manna, sem fara með forsetavald um stundarsakir, þykir réttilegast ákveðin eins og í greininni segir og að launin dreifist að jöfnu milli þeirra.